**From:** Anna María Elíasdóttir <annae@hafnarfjordur.is>
**Sent:** þriðjudagur, 23. mars 2021 15:57
**To:** Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>
**Cc: Subject:** Skipulags- og byggingarráð - 731 - Tilkynning um afgreiðslu máls

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar dags. 23.3.2021 var eftirfarandi tekið fyrir og afgreiðsla þess var:

**1510326 - Herjólfsbraut, tenging við Álftanesveg**

*Lagt fram minnisblað Eflu verkfræðistofu dags. 17.03.2021 vegna umferðartalningar í Norðurbæ vegna lokunar gamla Álftanesvegar.*

Skipulags- og byggingarráð ítrekar mótmæli sín vegna lokunar Gamla Álftanesvegar við Herjólfsbraut. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, íbúar í Norðurbæ og í Hleinahverfi og Garðaprýði hafa mótmælt lokuninni harðlega. Minnisblað EFLU sýnir með skýrum hætti umferðaraukningu í íbúðarhverfum eftir lokun vegarins. Skipulags- og byggingarráð skorar á bæjaryfirvöld í Garðabæ að endurskoða ákvörðun sína um lokun vegarins. Skipulags- og byggingarráð samþykkir að minnisblað EFLU verði kynnt íbúum og að þar verði einnig kynntar mögulegar mótvægisaðgerðir sem gætu verið:
a) Lokun frá Herjólfsbraut inn á Heiðvang
b) Skjólvangur gerður að lokaðri götu, lokað við Herjólfsbraut
c) Lokað á alla umferð úr Garðabæ inn í Hafnarfjörð um Herjólfsbraut
d) Allt ofangreint

Ofangreint tilkynnist hér með

Anna María Elíasdóttir
skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Norðurhella 2
annae@hafnarfjordur.is

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026